

Nd.

129. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

Frá mentamálanefnd.

1. gr.

Í þeim skólahjæruðum, þar sem settir verða á stofn heimavistarskólar, og reglugerð þeirra og hollustuhættir samþykkt af yfirstjórn fræðslumála, skulu öll börn skólahjæraðsins á skólaskyldualdri njóta þar kenslu að minsta kosti 12 vikur á ári, nema skólanefnd veiti undanþágu. Heimilt er þó að ákveða í reglugerð skólans, að þessi skólaskylda skuli einungis ná til 12–14 ára barna, enda sje þá yngri börnum sjeð fyrir lögskipaðri fræðslu á annan hátt.

2. gr.

Geti fræðslunefnd sjeð öllum börnum fræðsluhjæraðs á aldrinum 10–14 ára fyrir fullnægjandi fræðslu farskólalaust, með eftirlitskennara eða með eftirliti sóknarprests eða á annan hátt, er henni það heimilt.

3. gr.

Sóknarprestum skal skylt að hafa eftirlit með barnafræðslu, hverjum í sínu prestakalli, í samráði við skólanefndir og fræðslunefndir, eftir því sem önnur embættisstörf þeirra leyfa. Þeir skulu vera prófdómendur við barna-próf, hver í sínu prestakalli, en þó skipar yfirstjórn fræðslumála sjerstaka

prófdómendur, auk prestanna, við barnapróf í kaupstöðum og annarsstaðar þar sem fjölment er, svo og þar sem prestslaust er eða prestaköll mjög víðlend, eftir því sem henni þykir þörf.

Sóknarprestum ber engin sjerstök borgun fyrir störf samkvæmt þessari grein.

Ástæður.

Mentamálanefndin hefir rætt allitarlega frv. til laga um fræðslu barna, sem vísað var til hennar í byrjun þessa þings. Vildu sumir nefndarmenn láta frv. ganga fram að mestu óbreytt, en meiri hlutinn vildi gera á því talsverðar breytingar, og flestar í þá átt að halda sem mest óbreyttum fræðslulögunum frá 1907. Nefndin sá, að næði frv. að ganga fram með þeim breytingum, þá yrði það ekki nema í fáum atriðum frábrugðið fræðslulögunum frá 1907. Varð það því að samkomulagi í nefndinni að flytja þetta frv., er hjer kemur fram og breytir að eins fáum greinum núgildandi fræðslulaga, en gengur í þá átt að gera fræðslufyrirkomulagið í sveitunum rýmra en það er nú.

Nefndarmenn eru ekki allskostar sammála um 3. gr. frv., og hafa 3 þeirra áskilið sjer rjett að gera breytingartillögur við hana.

Nánari greinargerð í framsögu.